



D Ó M U R

30. júní 2015

Mál nr. E-3424/2012:

Stefnandi: Landsbanki Íslands hf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

Stefndu: Yngvi Örn Kristinsson

(Þórarinn V. Þórarinsson hrl.)

Steinþór Gunnarsson og

(Reimar Snæfells Pétursson hrl.)

Sigurjón Þorvaldur Árnason

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

Dómari: Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 30. júní 2015 í máli nr. E-3424/2012:

Landsbanki Íslands hf.

(Jóhannes Sigurðsson hrl.)

gegn

Yngva Erni Kristinssyni

(Þórarinn V. Þórarinsson hrl.)

Steinþóri Gunnarssyni og

(Reimar Snæfells Pétursson hrl.)

Sigurjóni Þorvaldi Árnasyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

I.

Mál þetta var höfðað 4. október 2012 á hendur stefndu Yngva Erni og Steinþóri en 5. október 2012 á hendur Sigurjóni Þorvaldi, og dómtekið 9. júní 2015.

Stefnandi er slitastjórn Landsbanka Íslands hf., Álfheimum 74, Reykjavík, en stefndu eru Yngvi Örn Kristinsson, Hvassaleiti 127, Reykjavík, Steinþór Gunnarsson, Bollagörðum 14, Seltjarnarnesi og Sigurjón Þ. Árnason, Granaskjólí 28, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda sameiginlega (in solidum) 1.208.244.352 krónur auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 671.610.962 krónum frá 7. nóvember 2007 til 28. desember 2007, af 801.210.962 krónum frá þeim degi til 14. janúar 2008, af 845.316.962 krónum frá þeim degi til 25. janúar 2008, af 970.566.352 krónum frá þeim degi til 25. júlí 2008, af 1.208.244.352 krónum frá þeim degi til þingfestingardags, en

dráttarvexti skv. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar.

Stefndu Yngvi Örn Kristinsson, Steinþór Gunnarsson og Sigurjón Þ. Árnason krefjast aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara að dómkröfur verði lækkaðar. Þá krefjast stefndu málskostnaðar.

II.

Í máli þessu eru gerðar kröfur sameiginlega á hendur fyrrverandi framkvæmdastjóra verðbréfasviðs Landsbanka Íslands Yngva Erni Kristinssyni, fyrrverandi forstöðumanni verðbréfasviðs bankans, Steinþóri Gunnarssyni og fyrrverandi bankastjóra Sigurjóni Árnasyni.

Mál þetta er höfðað á hendur stefndu til greiðslu skaðabóta vegna tjóns sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir í tengslum við kaup bankans á hlutabréfum í Landsbanka Íslands, Hf. Eimskipafélagi Íslands (Eimskip) og Straumi-Burðarási fjárfestingarbanka hf. (Straumur) á tímabilinu frá 7. nóvember 2007 til og með 25. júlí 2008 inn á reikning í bankanum sem nefndur var miðlunarbók hlutabréfa II. Nánar tiltekið er krafist bóta vegna eftirfarandi viðskipta:

- (i) Kaupa á hlutabréfum í Landsbanka Íslands, dags. 7. nóvember 2007
(15.930.807 hlutir, 671.610.962 krónur)
- (ii) Kaupa á hlutabréfum í Landsbanka Íslands, dags. 28. desember 2007
(4.050.000 hlutir, 129.600.000 krónur)
- (iii) Kaupa á hlutabréfum í Straumi, dags. 14. janúar 2008 (um 2.000.000 hlutir,
(44.106.000 krónur)
- (iv) Kaupa á hlutabréfum í Eimskipi, dags. 25. janúar 2008
(4.430.000 hlutir, 125.249.390 krónur)
- (v) Kaupa á hlutabréfum í Landsbanka Íslands, dags. 25. júlí 2008
(7.000.000 hlutir, 237.678.000 krónur).

Heildarstaða á miðlunarbók hlutabréfa II vegna þessara viðskipta nam alls 1.208.244.352 krónum þann 7. október 2008, þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir starfsemi Landsbanka Íslands.

Samkvæmt ráðningarsamningi Steinþórs Gunnarssonar gegndi hann starfi forstöðumanns verðbréfamiðlunar bankans á umræddu tímabili 7. nóvember 2007 til 7. október 2008. Samkvæmt ráðningarsamningnum bar hann ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins, framþróun þess og uppbyggingu. Auk þess var gert ráð fyrir að hann sinnti stjórnunarstörfum sem yfirmaður og öðrum þeim störfum sem honum kynnu að vera falin af bankastjórn hverju sinni. Yfirmaður Steinþórs var framkvæmdastjóri verðbréfasviðs, Yngvi Örn Kristinsson.

Sigurjón Þorvaldur Árnason og Halldór J. Kristjánsson fóru sameiginlega með bankastjórn Landsbankans hf. Í tilkynningu til Kauphallar Íslands, dags. 22. apríl 2003, kemur fram að *Bankastjórnarnir munu fara sameiginlega með stjórnun allra málefna bankans. Verkaskipting er þannig að Halldór fer fyrir alþjóðasviði, viðskiptabankasviði og eignastýringarsviði en Sigurjón fyrir fyrirtækjasviði, verðbréfasviði og stöðsviðum. Báðir munu fara með viðskiptatengsl og viðskiptamál.*

Meðal gagna málsins eru ódagsett drög að áhættureglum Landsbanka Íslands merktrar útgáfa 2.0.3. Útgáfa 2.0.3. er samkvæmt því sem fram kemur á bls. 1 í reglunum frá 22. febrúar 2005. Á sömu blaðsíðu eru taldar upp eldri og yngri útgáfur af reglunum. Eldri útgáfur eru númer

1. frá 7. janúar 2002,
- nr. 2.0.0 frá 28. janúar 2004,
- nr. 2.0.1 frá 30. apríl 2004,
- nr. 2.0.2 frá 5. nóvember 2004.

Þá kemur fram að reglur hafi verið lagfærðar með útgáfu nr. 2.0.4 þann 3. október 2005 og aftur þann 1. mars 2009 af SÓ með tilliti til fyrri samþykktar *Fjármálanefndar GLÍ*. Það eru því tvær útgáfur með númerinu 2.0.4.

Á bls. 1 eru einnig taldar upp *Breytingar í þessari útgáfu*. Um ástæður breytinga á útgáfu 2.0.4 sem eins og áður greinir eru bæði, dags. 3. október 2005 og 1. mars 2009 segir á bls. 2: *Uppfærði heimildir til samræmis við samþykktir ALCO sem ekki höfðu verið færðar inn í áhættureglurnar.*

Í 1. mgr. 3. gr. reglnanna er mælt fyrir um markmið áhættureglanna. Þar kemur fram að bankastjórnar beri ábyrgð á daglegri stjórnun bankans gagnvart bankaráði. Framkvæmdastjórnar beri ábyrgð gagnvart bankastjórn á starfsemi hvers sviðs og að áhættan sé í samræmi við starfsreglur bankans. Fjármálanefnd hafi m.a. það hlutverk að fylgjast með áhættuþáttum í starfsemi bankans og ákveða áhættumörk. Um hlutverk millistjórnenda kemur fram að hlutverk þeirra sé að sjá til þess að stefnu varðandi áhættu sé framfylgt, verkferlar séu skráðir og þeim viðhaldið og að starfsmenn þeirra fari eftir reglum og verkferlum bankans.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. er reglunum ... ætlað að setja fram á skipulegan hátt þau skilgreindu áhættumörk sem Landsbankinn leyfir sér að taka fyrir stöður í eigin reikning og miðlun áhættu til viðskiptavina sinna. Markmiðið með áhættureglunum er að tryggja að til séu heimildir um leyfilega áhættutöku og þannig stýra áhrifum áhættuþátta á rekstrarreikning bankans.

Í 2. mgr. 9. gr. áhættureglanna er mælt fyrir um ábyrgðaraðila markaðsáhættu. Þar kemur m.a. fram að framkvæmdastjóri verðbréfasviðs beri ábyrgð á og stýri markaðsáhættu móðurfélags Landsbankans. Dagleg stjórn á markaðsáhættu móðurfélags sé á ábyrgð forstöðumanna eftirfarandi deilda innan Verðbréfasviðs: ... Verðbréfamiðlun: (gengisáhætta hlutabréfa) miðlunarbóka hlutabréfa ...

Samkvæmt 3. mgr. 9. gr. sem mælir fyrir um ábyrgðaraðila mótaðilaáhættu, stýrir framkvæmdastjóri og ber ábyrgð á mótaðilaáhættu síns sviðs. Þá segir í 4. mgr. 9. gr. að framkvæmdastjóri stýri og beri ábyrgð á rekstraráhættu síns sviðs og að dagleg stjórn á rekstraráhættu sé á ábyrgð forstöðumanna deilda. Í 5. mgr. sömu greinar sem er með fyrirsögninni *Ábyrgðaraðili samsetningu eigna og skuldaáhættu* kemur fram að framkvæmdastjóri verðbréfasviðs beri ábyrgð á og stýri markaðsáhættu Landsbankans.

Í kafla VII er mælt fyrir um áhættutakmarkanir verðbréfasviðs. Í 4. mgr. 21. gr. þar sem fjallað er um verkefni Verðbréfamiðlunar (VM) kemur m.a. fram að VM sjái um stöðu eigna miðlunarbókar hlutabréfa I þar sem VM fái svigrúm til sjö daga í senn til að liðka fyrir viðskiptum við stærstu viðskiptavinum að fjárhæð 200 mkr. með samþykki forstöðumanns VM. Þá segir eftirfarandi: *Einnig fær VM allt að 900 mkr. heimild í miðlunarbók hlutabréfa II til að safna hlutabréfum fyrir viðskiptavinum með samþykki forstöðumanns og framkvæmdastjóra Verðbréfasviðs. Heimildin miðast við að hvert verkefni taki ekki lengri tíma en einn mánuð í senn og að ekki sé um hærri fjárhæð að ræða en 300 mkr. fyrir hvern viðskiptamann. Sé um hærri fjárhæð að ræða skal leitað skriflegrar heimildar bankastjórnar, þar sem fram komi hversu lengi heimildin skal standa og heildarfjárhæð kaupanna.*

Í grein 21.4.6 um áhættumörk gengisáhættu hlutabréfa – miðlunarbók verðbréfamiðlunar II segir eftirfarandi:

Heimildir verðbréfamiðlunar til stöðutöku eru bundnar við að fyrir liggi samningur um endanleg kaup viðskiptamanns á því sem tekin er staða í. Heimildin er því ætluð til söfnunar á bréfum fyrir viðskiptavinum yfir lengra tímabil og er miðað við að viðskiptavinur hafi keypt bréfin innan 1 mánaðar. Notkun heimildarinnar er háð samþykki forstöðumanns Verðbréfamiðlunar og framkvæmdastjóra Verðbréfasviðs.

	Flókt á gengi safna	Brúttóstaða	VaR(%)	VaR(ISK)

<i>Heimild</i>	<i>20%</i>	<i>1500 mkr.</i>	<i>(25%)</i>	<i>(38,5mkr).</i>
----------------	------------	------------------	--------------	-------------------

Undir tölul. 21.4.17 Færsluheimildir verðbréfamiðlunar segir eftirfarandi:

Í A-B-C-D reglum er viðskiptum skipt í A,B,C eða D mál eftir umfangi viðskiptanna. Skiptingin er eftirfarandi:

- *D mál: öll mál sem þarfnast starfsmanna verðbréfamiðlunar*
- *C mál: D mál + samþykki forstöðumanns verðbréfamiðlunar*
- *B mál: C mál + samþykki framkvæmdastjóra Verðbréfasviðs*
- *A mál: B mál + samþykki fjármálanefndar eða bankastjórnar*

<i>Tegund</i>	<i>D</i>	<i>C</i>	<i>B</i>	<i>A</i>	<i>Skorður á heildareign</i>
<i>Tímalengd stöðu vegna einstaks viðskiptavinar</i>	<i>Ekki heimilt</i>	<i>Ekki heimilt</i>	<i>1 mánuður</i>	<i>Öll önnur mál</i>	
<i>Gnóttstaða miðlunarbókar hlutabréfa vegna einstaks viðskiptavinar</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>600 mkr.</i>	<i>Öll önnur mál</i>	
<i>Gnóttstaða miðlunarbóka hlutabréfa I í 7 daga vegna miðlunar til einstak viðskiptavinar</i>	<i>0</i>	<i>200 mkr.</i>	<i>300 mkr.</i>	<i>Öll önnur mál</i>	

Í kafla V um „BROT Á ÁHÆTTUREGLUM“ er mælt fyrir um viðbrögð áhættustýringar þegar um er að ræða heimildarbrot verðbréfasviðs:

„Áhættustýring heldur utanum stöður deilda á Verðbréfasviði og ber saman stöður við þær heimildir sem hafa verið ákveðna í stefnumörkun og settar fram í þessum áhættureglum. Dagleg skýrsla áhættustýringar tekur saman brot á heimildum vegna stöðu deilda. Heimildarbrot berast áskrifendum þeirrar skýrslu sem eru bankastjórar, framkvæmdastjóri Verðbréfasviðs, framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs, forstöðumaður fjárstýringar auk starfsmanna áhættustýringar. Forstöðumenn deilda á Verðbréfasviði fá sent í tölvupósti tilkynningu um heimildarbrot.“

Í daglegum skýrslum áhættustýringar, svonefndum 4-15 skýrslum, dags. 27. ágúst 2007, kemur fram að heimild Verðbréfamiðlunar 1 hafi verið 200 mkr. og Verðbréfamiðlunar 2 hafi verið 900 mkr. og að beðið sé ákvörðunar fjármálanefndar.

Í skýrslu sem dagsett er 4. september 2007 kemur fram að heimild fyrir verðbréfamiðlun 1 sé komin upp í 800 mkr. og heimild fyrir verðbréfamiðlun 2 sé komin upp 1.500 mkr. Segir einnig að heimildir hafi verið brotnar. Samkvæmt 4-15 skýrslum fyrir tímabilið frá 5. nóvember 2007 til 30. september 2008, kemur einnig fram að heimild Verðbréfamiðlunar 2, sé 1.500 mkr. Í skýrslunum er sérstaklega tilgreint ef heimild hefur verið brotin. Þannig kemur t.d. fram að heimild hafi verið brotin þegar farið hafi verið yfir 800 mkr. heimild í Verðbréfamiðlun 1. Að því er varðar Verðbréfamiðlun 2 kemur fram í framlögðum skýrslum að viðskiptin hafi ekki verið umfram heimildir á greindu tímabili, þ.e. 5. nóvember 2007 til 30. september 2008.

Fram kemur í fundargerð fjármálanefndar, frá 29. ágúst 2007, að rætt hafi verið um heimildir fyrir verðbréfamiðlun. Segir eftirfarandi: *Verðbréfamiðlun hefur óskað eftir auknum heimildum fyrir miðlunarbók. Rætt um hvernig heimildum verði best hagað, hvort sem litið er til heildarstöðu til að afgreiða pantanir eða til að liðka fyrir viðskiptum. Lagt fram yfirlit yfir afleiðuviðskipti bankans. Farið yfir heimildabrot og stærstu tapstöður.*

Fram kemur í almennum skilmálum fyrir markaðsviðskipti hjá Landsbanka Íslands hf., sbr. 1. gr. um gildissvið, að skilmálar gildi um öll markaðsviðskipti milli Landsbanka Íslands hf. og viðskiptamanns, svo sem um skammtímalánveitingar, gjaldeyrisviðskipti, afleiðuviðskipti og kaup og sölu verðbréfa. Þá segir að skilmálarnir gildi hvort heldur sem viðskiptin eigi sér stað í gegnum síma, veraldarvefinn eða á annan hátt. Um framkvæmd samninga, sbr. 2. gr. skilmálanna segir að um *framkvæmd einstakra markaðsviðskipta, sem gerð eru á grundvelli skilmála þessara, skulu gerðir skriflegir samningar þar sem kveðið er nánar á um sérgreinda skilmála, lánskör og endurgreiðslu. [...]*

LÍ sendir frumrit samninga til viðskiptamanns. Viðskiptamaður skuldbindur sig til að senda undirrituð frumrit samninga til LÍ innan 7 daga frá því samningar voru gerðir eða eftir atvikum fyrir gjalddaga/lokadag samnings þegar viðskipti fara fram innan þess tíma.

Í verklagsreglum Landsbanka Íslands um eign bankans í sjálfum sér (Yfirlit yfir eign bankans í sjálfum sér skv. 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki LAIS-yfirlit) sem gefnar voru út í febrúar 2008, segir m.a. að starfsmaður í

áhættustýringu muni daglega útvega stöður sem endurspegli eign bankans í eigin hlutabréfum hjá eigin fjárfestingum, verðbréfamiðlun, í framvirkum samningum og vörn fyrir valréttum. Þessi gögn þ.e. (eign + handveð) verða birt daglega í tölvukerfum bankans þannig að hlutadeigandi aðilar hafi ávallt aðgang að uppfærðri stöðu. Ef staðan er undir 9% þá verður hún birt með grænum lit, ef hún er á bilinu 9-10% þá er hún gul en ef hún er yfir 10% þá verður hún rauð. Ef staðan er við 10% mörkin þá er mikilvægt að beina því til viðeigandi aðila að óheimilt sé að auka stöðu í eigin hlutabréfum án sérstaks samþykkis bankastjórnar. Vikulega er síðan tekin saman skýrsla (gögn unnin af starfsmanni í útlánaáhættu – AL) sem sýnir heildareign bankans í sjálfum sér. Skýrslan er síðan send til ábyrgðaraðila (forstöðumanns áhættustýringar – ÞÖI) á þriðjudagskvöldum sem kynnir hana í kjölfarið í fjármálanefnd bankans á vikulegum fundum nefndarinnar á miðvikudögum og dreifir til bankastjóra [...]. Jafnframt munu eftirtaldir aðilar (sjá töflu) hafa aðgang að daglega uppfærðri skýrslu í gegnum tölvukerfi bankans (Financial Markets) eða með tölvupóstsendingum. Kom fram í umræddri töflu að Steinþór Gunnarsson fengi daglega upplýsingar um heildarstöðu eigin bréfa en fjármálanefnd fengi upplýsingar um LAIS-skýrslu á miðvikudögum.

Samkvæmt yfirlitum um eign Landsbanka Íslands hf. í sjálfum sér samkvæmt 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, var eign á miðlunarreikningi 2 eftirfarandi á tilgreindum dagsetningum:

Dags.	Eign á miðlun 2	Heildareign	Heildareign + handveð
5.11.2007	0	6,2%	8,3%
12.11.2007	15.931	7,0%	9,3%
9.1. 2008	19.981	7,5%	10,95
6.5.2008	20.531	4,7%	11,34%
29.7.2008	27.531	6,1	14,54%

Eftirfarandi kemur fram í tölvupósti stefnda Steinþórs, dags. 30. janúar 2008: Vegna langvarandi endurtekinnar hlutabréfastöðu í miðlunarbók sem líklega verður til vegna þess að minni er að svíkja menn þá verða allir hédan í frá að skrifa daglega hvert einasta trade niður í bók þar sem fram kemur magn, verð og kaupandi/seljandi og haka það svo út í lok hvers dag. Þetta er einfalt fyrirkomulag og ég bið þig um að gera þitt til að þetta komist í lag.

Við aðalmeðferð málsins gáfu stefndu aðilaskýrslur. Einnig gáfu skýrslur Ívar Guðjónsson, Þórir Örn Ingólfsson og Hannes Júlíus Hafstein.

III.

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

-

Saknæmi og ólögmæti:

Kröfur stefnanda eru reistar á því að stefndu Yngvi Örn, Steinþór og Sigurjón hafi með saknæmum og ólögmætum hætti valdið stefnanda tjóni vegna framangreindra kaupa á hlutabréfum í miðlunarbók II.

Sök stefnda Steinþórs felist í því að hann hafi af ásetningi eða stórfelldu gáleysi keypt inn á miðlunarbók hlutabréfa II og/eða gefið fyrirmæli um kaup á hlutabréfunum án þess að uppfyllt væru skilyrði þeirra heimilda sem hann hafði til kaupanna skv. áhættureglum bankans. Kaupin hafi verið gerð án þess að fyrir lægi samningur um þau við viðskiptamenn bankans. Þá hafi kaupin verið framkvæmd án samþykkis framkvæmdastjóra verðbréfasviðs, fjármálanefndar og bankastjórnar. Saknæmið felist einnig í því að ítrekað hafi verið keypt eða gefin fyrirmæli um kaup á hlutabréfum í miðlunarbók II þótt bankinn ætti fyrir í bókinni hlutabréf langt umfram þær heimildir sem reglur bankans mæltu fyrir um.

Hafi stefndi Steinþór brotið gegn 29. gr. þágildandi laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 og samþykktum bankans með því að kaupa eigin hluti í bankanum þótt hann hefði upplýsingar um að bankinn ætti þegar hluti yfir þeim 10% mörkum sem reglurnar mæla fyrir um.

Þá er einnig byggt á því að stefndi Steinþór hafi, af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, brotið gegn starfskyldum sínum og þeim heimildum sem hann hafði, þar sem hann hlutaðist ekki til um að hlutabréfin yrðu seld þótt bankinn hefði haldið á þeim í meira en einn mánuð og að ekki væri fyrir hendi heimild til kaupanna.

Saknæmi stefnda Yngva Arnar felst í því að hafa af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gefið samþykki fyrir umræddum kaupum þótt hann hafi vitað eða mátt vita að ekki væru uppfyllt skilyrði áhættureglna bankans fyrir kaupunum og reglunnar um að bankinn mætti ekki eiga nema 10% eigin hluti. Þá hefur stefndi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að hlutast ekki til um að hlutabréfin yrðu seld þegar fyrir lá að kaupin höfðu verið gerð án heimildar og í bága við reglur bankans og lög.

Saknæmi stefnda Sigurjóns felst í því að hafa af ásetningi eða stórfelldu gáleysi gefið samþykki fyrir umræddum kaupum þótt hann hafi vitað eða mátt vita að ekki væru uppfyllt skilyrði áhættureglna bankans fyrir kaupunum og reglunnar um að bankinn mætti ekki eiga nema 10% eigin hluti. Þá hefur stefndi sýnt af sér stórfellt gáleysi með því að hlutast ekki til um að hlutabréfin yrðu seld þegar fyrir lá að kaupin höfðu verið gerð án heimildar og í bága við reglur bankans og lög.

Stefnandi leggur á það áherslu við mat á saknæmi allra stefndu að liðið hafi u.þ.b. 14 mánuðir frá fyrstu kaupunum fram að falli bankans og að auki hafi brotin verið ítrekuð.

Orsakatengsl og sennileg afleiðing:

Samkvæmt því sem að ofan er rakið liggur fyrir að hin saknæma og ólögmæta háttsemi leiddi til þess að hlutabréf í Landsbanka Íslands, Eimskipi og Straumi voru keypt inn á miðlunarbók hlutabréfa II og vistuð þar um margra mánaða skeið þrátt fyrir að legið hafi fyrir á þeim tíma að það fæli í sér brot á bæði lögum og reglum bankans. Einnig er sannað að bú Landsbanka Íslands hafi orðið fyrir tjóni þar sem umrædd hlutabréf urðu verðlaus við fall bankans. Hin saknæma háttsemi stefndu var því nauðsynlegt skilyrði fyrir því að tjónið varð og í öllu falli meðverkandi tjónsorsök.

Þá sé tjónið augljóslega sennileg afleiðing af saknæmri háttsemi stefndu. Fyrir liggir að farið hafi verið út fyrir heimildir vegna miðlunarbókar II og viðskiptin framkvæmd í blóra við lög. Þá hafi umrædd hlutabréf verið vistuð um margra mánaða skeið á bókinni þrátt fyrir að það færi í blóra við lög og reglur bankans og að gengi umræddra hlutabréfa færi stöðugt lækkandi. Háttsemi stefndu hafi því verið til þess fallin að auka líkur á því að Landsbanki Íslands yrði fyrir tjóni.

-

Tjónið:

Fyrir liggir að Landsbanki Íslands hafi orðið fyrir tjóni vegna þeirra fjármuna sem greiddir voru út úr bankanum samkvæmt framansögðu, en enginn hluti af kaupverði umræddra hlutabréfa hafi fengist endurheimtur og byggir stefnandi á því að hlutabréfin hafi orðið verðlaus þann 7. október 2008. Leggja verði til grundvallar í máli þessu að ef umrædd hlutabréf hefðu ekki verið keypt og vistuð á miðlunarbók hlutabréfa II þá hefði andvirði þeirra á þeim tíma sem þau voru keypt inn á bókina ekki glatast. Heildarupphæð umræddra hlutabréfakaupa hafi numið alls 1.208.244.352 krónum en samkvæmt því sé ljóst að tjón stefnanda nemi þeirri fjárhæð.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda Yngva Arnar Kristinssonar

Stefndi hafnar því að hann hafi í störfum sínum sem framkvæmdastjóri Verbréfasviðs Landsbanka Íslands hf. af stórfelldu gáleysi eða af ásetningi staðið að brotum á áhættureglum bankans eða ákvæðum laga með því að hafa í fimm tilvikum samþykkt kaup á hlutum í sjálfum sér, Eimskipi hf. og Straumi, sem keypt hafi verið inn á reikning Verbréfamiðlunar II á tímabilinu frá 7. nóvember 2007 til 25. júlí 2008 fyrir samtals kr. 1.208.244.352.

Stefndi hafnar því, að hámarksstaða á miðlunarbók II hafi verið bundin við 900 milljónir króna. Þó að heimildin sé tilgreind 900 mkr. í grein 21.4.6 sé í greininni tiltekið að svokölluð „brúttó“ staða geti verið 1500 milljónir. Þá sé í grein 21.4 einnig tilskilið að bankastjórar geti veitt hærri heimild. Umræddar áhættureglur taki því ekki af tvímæli um það hver staða verðbréfamiðlunar II hafi mest mátt vera. Það sé hins vegar gert í svonefndri 4-15 skýrslu, en þar sé með skýrum hætti tiltekið að heimild verðbréfamiðlunar II hafi verið 1500 milljónir króna. Hafi stefnda því verið rétt að leggja þau fjárhæðarmörk til grundvallar.

Þá sé ósönnuð og röng sú fullyrðing að kaupin hafi ekki verið gerð að beiðni viðskiptamanna. Það geti ekki verið á ábyrgð stefnda þótt stefnandi finni ekki gögn. Þá geti beiðni um kaup farið fram með símtali, sbr. 3. mgr. 2. gr. í almennum skilmálum fyrir markaðsviðskiptum hjá Landsbanka Íslands. Stefndi vísar til þess að heimild til kaupa í reikning verðbréfamiðlunar II hafi einmitt miðast við að þar væru vistuð hlutabréf sem keypt væru samkvæmt beiðni viðskiptamanns, þ.e. samkvæmt samningi við hann, um söfnun tiltekinna hlutabréfa í hans þágu en endanlegur samningur skyldi gerður síðar. Í þessu fólst að upphaflegur samningur um söfnun hluta gat legið í upptöku af símtali eða tölvupósti. Af hlutverki Verbréfamiðlunar II, sbr. það sem fram kemur í áhættureglum og skilmálum markaðsviðskipta, leiddi að þess hafi ekki verið að vænta að fyrir lægi endanlegur kaupsamningur milli bankans og viðskiptamanns þegar samþykkis framkvæmdastjóra Verðbréfasviðs hafi verið leitað. Hlaut hann þá að leggja til grundvallar yfirlýsingu forstöðumanns um samning um kaupin án þess að það verði virt honum til gáleysis. Síðari staðfestingar Áhættustýringar á því, að viðskiptin hafi verið innan heimilda, hafi verið eða mátt vera honum staðfesting á því að svo hafi verið, enda hafi Áhættustýring haft eftirlit með því að samningar væru til staðar vegna kaupa fyrir reikning Verðbréfamiðlunar II.

Þá sé ósönnuð og röng sú fullyrðing að ekki hafi legið fyrir samþykki bankastjóra fyrir kaupum umfram 300 mkr. þann 7. nóvember 2007, þ.e. vegna kaupa á hlutum í Landsbanka Íslands fyrir 671.610.962 kr. hinn 7. nóvember 2007. Stefndi telur að ekki geti hafa komið til umræddra kaupa nema samþykki bankastjórnar hafi legið fyrir.

Stefndi mótmælir því enn fremur að hann hafi samþykkt öll fimm viðskiptin. Samþykki hans hafi ekki verið nauðsynlegt ef bankastjóri hefði samþykkt kaupin, svo sem áskilið var um kaupin 7. nóvember 2007.

Stefndi hafnar því að honum verði metið til sakar að hafa ekki hlutast til um sölu hlutabréfa út af reikningum Verðbréfamiðlunar II þótt tafir yrðu á fullnustu umsaminna kaupa viðskiptamanns. Staða miðlunarbókarinnar hafi reglubundið verið kynnt bankastjórum á fundum fjármálanefndar og þar hafi eftir atvikum verið ákveðið hvernig bregðast skyldi við vanefndum viðskiptamanna á fullnustu kaupa. Umrædd kaup verðbréfa hafi að mati bankans verið gerð í umboði viðskiptamanns, samkvæmt samningi við hann og bankanum ekki heimilt að selja verðbréfin nema með samþykki hans. Fullnustuaðgerðir til að knýja fram efndir viðskiptamanns á kaupum í hans þágu að hans beiðni hafi ekki verið á verksviði verðbréfasviðs bankans heldur fyrirtækjasviðs, enda hafi verið litið svo á að um vanskil á láni til kaupanna væri að ræða. Því hafi eftirlitið með fullnustu á skuldbindingum viðskiptanna einnig átt undir Útlánaeftirlit og lögfræðisviðs bankans og því ekki á ábyrgðarsviði stefnda að taka ákvörðun um innheimtu eða sölu hlutanna.

Stefndi telur rangt að hann hafi af ásetningi eða stórfelldu gáleysi heimilað kaup á hlutum í Landsbankanum umfram lög bundið hámark eigin hluta samkvæmt 29. gr. laga nr. 161/2002 og 55. gr. laga nr. 2/1995. Eign bankans í sjálfum sér geti myndast vegna kaupa hlutabréfa í veltubók bankans eða vegna tóku trygginga fyrir lánnum þar sem hlutabréf í bankanum eru sett til tryggingar. Það fyrra gerist fyrir tilstuðlan verðbréfasviðs, hið síðara fyrir tilstuðlan annarra sviða bankans. Stefndi hafnar því að hafa sýnt af sér stórfellt gáleysi enda hafi hann hvorki haft aðgang að upplýsingum um heildarstöðu bankans í eigin bréfum né hafi það verið á ábyrgðarsviði hans að ákveða viðbrögð, kæmi í ljós að heildarstaða væri umfram lögboðin mörk. Gögn málsins staðfesti að staða eigin bréfa Landsbanka Íslands í reikningum verðbréfasviðs bankans hafi jafnan verið vel innan við lögboðin mörk, sbr. yfirlit yfir eign bankans í sjálfum sér skv. 29. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki sem liggja fyrir í gögnum málsins.

Stefndi mótmælir því að á honum hafi hvílt sérstök skylda til athafna á sínu starfssviði, þótt honum hefðu borist upplýsingar um að samanlögð staða allra sviða bankans í eigin bréfum væri umfram lögboðin mörk. Ákvörðun um það efni, hafi legið hjá yfirstjórn bankans, þar sem viðbrögð kölluðu á val um áherslur í rekstri bankans í heild. Stefndi hafi tvisvar eða þrisvar á árinu 2008 fengið fyrirmæli frá bankastjóra um að selja eignarhluti bankans sem verðbréfasvið bankans átti tímabundið og hafi það þá jafnharðan verið gert. Ábyrgð hans hafi verið á rekstri eigin sviðs en ekki bankans alls.

Stefndi telur efnislega rangt að 10% hámark eigin bréfa væri ófrávíkjanlegt, sbr. 29. gr. laga 161/2002. Ákvæðið geri þvert á móti ráð fyrir því að svo geti orðið tímabundið. Þá gefi ákvæðið til kynna að Fjármálaeftirlitið geti gefið undanþágu hér frá. Þá sé matskennt hvernig reikna skuli hlutdeild eigin bréfa í tryggingum sé um fjölþættari tryggingar að tefla. Þótt staða bankans kunni að hafa verið umfram 10% viðmiðið við fall hans í október 2008 hafi ekki endilega falist í því brot á umræddum lagafyrirmælum. Stefndi hafi ekki lagt fram sannanir fyrir því að um brot á nefndum reglum hafi verið að ræða í starfsemi móðurfélags Landsbankans. Þá hafi stefndi ekki komið að starfsemi þeirra aflandsfélaga sem stefndi vísi til.

Stefndi bendir á að það hafi verið hlutverk áhættustýringar að fylgjast með því að viðskipti Verðbréfamiðlunar II væru í samræmi við heimildir, sbr. 16. kafla áhættureglna bankans.

Í lok hvers vinnudags hafi áhættustýring gefið út 4-15 skýrslu þar sem birtist mat hennar á því hvort starfsemi einstakra rekstrareininga hafi verið innan heimilda. Í 49 dæmum fyrir tímabilið frá 7. nóvember til 30. september 2008 séu tilfærð ýmis brot á heimildarreglum í starfsemi einstakra deilda. Þó sé ekkert slíkt heimildarbrot tilfært þar vegna verðbréfamiðlunar II. Samkvæmt þessum úttektum, sem stefnda barst daglega mátti hann því í störfum sínum ganga út frá því að Áhættustýringin hefði gengið úr skugga um að fullnægt væri skilyrðum í áhættureglum. Í því fælist staðfesting á því að 1) samningar lögju fyrir vegna allra kaupa í reikning verðbréfamiðlunar II, 2) að bankastjóri hafi samþykkt kaupin 7.11.2007 og 3) að bankastjóri hafi samþykkt að bréfin lögju á reikningi svo lengi sem raun varð á. Loks hafi skýrslan verið staðfesting á því að heildarstaða miðlunarbókarinnar væri innan þar tilgreindrar heimildar.

Stefndi hafnar því að lagaskilyrði séu fyrir því að þrotabúið fái krafid hann sem fyrrum starfsmann félagsins um bætur fyrir tjón sem leiddi af því að hlutir í félaginu urðu verðlausir við fall þess. Einnig er mótmælt kröfu um bætur fyrir tjón af því að hlutir í tveimur öðrum félögum urðu verðlausir eftir að bankinn féll.

Stefndi mótmælir því að lagaskilyrði séu fyrir því að dæma umkrafðar skaðabætur vegna tjóns af viðskiptum sem voru innan heimilda fyrir umræddri starfsemi. Hafi stefnandi engar málsástæður fært fram til stuðnings því að stefndu ættu að bæta þann hluta af tjóni sem fólst í verðfalli hlutabréfanna, að því marki sem þau kaup hafi verið innan þeirra heimilda sem stefnandi segir hafa verið fyrir hendi, þ.e. 900 milljóna króna. Sé málatilbúnaður stefnanda vanreifaður að þessu leyti. Sama gildi um kröfur hans er lúti að kröfu um bætur vegna verðfalls á hlutum í Eimskipi hf. og Straumi; hafi heimild verðbréfamiðlunar II numið 1.500 milljónum, s.s. tiltekið er í vikulegum skýrslum (4-15 skýrslum), þá standi engar málsástæður eftir til stuðnings kröfu um bætur vegna þeirra kaupa. Loks liggja ekkert fyrir um það að hlutir í Eimskipi og Straumi hafi verið orðnir verðlausir við fall bankans 7. október 2008.

Í 7. gr. ráðningarsamnings stefnda komi fram að bankinn skuli sjá honum fyrir „hefðbundinni stjórnendatryggingu“. Þetta hafi bankinn efnt með töku starfsábyrgðartryggingar stjórnenda hjá Howden Insurance Brokers Ltd. með gildistíma frá 8. janúar 2008 til 9. janúar 2009. Staðfesti gögnin að umfang trygginganna og skilmálar hafi verið slíkir að kröfur stefnanda á hendur stefndu ættu að greiðast af tryggingunni, kæmi til þess að krafan fengist dæmd. Stefnandi hafi eftir áskorun stefnda upplýst hinn 29.11.2012 að hann hafi tilkynnt tryggingarfélaginu um kröfugerð sína á hendur stefndu með áskilnaði um að bætur sem honum kunni að verða dæmdar verði sóttar til váttryggjandans. Stefnandi hafi hins vegar ekki upplýst að hann hefði þá nær tveimur árum fyrr, hinn 31. desember 2010, móttekið bréf váttryggjandans, þar sem hann lýsir riftun á váttryggingarsamningnum og beinir því til stefnanda að tilkynna það þeim er tryggðir skyldu skv. skilmálum tryggingarinnar. Benti váttryggjandinn jafnframt á að skv. 51. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 glati allir váttryggðir skv. tryggingunni rétti til bóta í tengslum við mál sem þegar hafi verið tilkynnt um, nema að mál sé höfðað eða úrskurðar krafist skv. 141. gr. sömu laga.

Stefnandi tilkynnti stefnda allt að einu ekki um téða orðsendingu og hefur stefndi því engan kost átt á því að bregðast við efni hennar. Þá hefur stefnandi ekki

kosið að stefna váttryggingafélaginu til að þola dóm og verða bundið um greiðslu bóta, færi svo að dómstóll féllist á bótakröfur stefnanda. Telur stefndi að stefnandi hafi með framangreindum hætti vanefnt skyldur sínar gagnvart honum í þeim mæli að stefnandi hafi fyrirgert rétti sem hann ella kynni að hafa átt til að hafa uppi bótakröfur gagnvart honum vegna meintra yfirsjóna í starfi.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu af bótakröfu stefnanda enn fremur við ákvæði 1. sbr. 3. mgr. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Telur stefndi að ákvæðið feli í sér þá meginreglu, að það sé aðeins í undantekningartilvikum að vinnuveitandi fái sótt starfsmann sinn um bætur fyrir tjón sem starfsmaðurinn kunnir að hafa bakað honum í starfi. Stefndi vísar til þess að hann hafi ekki í neinu tilviki verið beinn gerandi í þeim viðskiptum er stefnandi telur að hafi valdið sér tjóni og að hann hafi haft réttmætar ástæður til að ætla að umrædd viðskipti væru í fullu samræmi við heimildir og að framkvæmd þeirra væri eðlilegur þáttur í starfsemi bankans, sbr. umfjöllun þar um í gr. 21.4 í áhættureglum. Yrði talið að stefndi hafi í einhverju tilliti gerst sekur um gáleysi í störfum sínum hvað varðar umþrætt viðskipti og stöðu Verðbréfamiðlunar II, þá standi engin rök til þess að telja það stórfellt með hliðsjón af atvikum máls.

3. Helstu málsástæður og lagarök stefnda Steinþórs Gunnarssonar

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda sem röngum, enda séu þær hvorki í samræmi við atvikalýsingu í stefnu né þau skjöl sem stefnandi leggi fram.

Öll gögn, sem stefndi ásamt meðstefndu hafi lagt fram sýni að staða miðlunarbókar II hafi verið innan heimilda og að eigin hlutabréfaeign stefnanda hafi verið undir þeim mörkum sem kveðið sé á um í 29. gr. laga 161/2002, nema 30. júlí 2008 þegar miðlarinn Guðmundur Víðir Guðmundsson keypti hluti að nafnverði 7.000.000 króna í stefnanda fyrir 237.678.300 króna. Gögn málsins beri ekki með sér að Guðmundur Víðir eða aðrir á verðbréfasviði stefnanda hafi fengið samþykki fyrir þessum kaupum hjá stefnda eða hann verið sérstaklega upplýstur um þau. Þá hafi slitastjórnin ekki beint kröfum að nefndum Guðmundi eða grennslast fyrir um það hjá honum hvers vegna hlutabréf þessi voru keypt. Allir miðlarar sem störfuðu við verðbréfamiðlun hjá stefnanda hefðu haft sínar eigin „Trading-bækur“ þar sem skráð var fyrir hvern verið væri að kaupa hlutabréf inn á miðlunarbók II. Allar „Trading-bækur“ sem notaðar voru meðan stefndi veitti verðbréfamiðlun stefnanda forstöðu hafi verið til hjá stefnanda eða áttu að vera til þegar skilanefnd stefnanda sagði stefnda upp störfum í október 2008.

Öll þau hlutabréf, sem keypt voru inn á miðlunarbók II og mál þetta taki til, hafi verið keypt fyrir aðila sem óskað höfðu eftir því að viðkomandi hlutabréf yrðu keypt.

Stefndi telur að hinar meintu bótakröfur séu fallnar niður vegna tómlætis. Þegar mál þetta hafi verið höfðað með stefnubirtingu þann 4. október 2012, hafi verið liðnir 1.455 dagar frá því að skilanefnd tók við daglegri stjórn stefnanda. Þá hafi skilanefndinni einnig, vegna ábyrgðartryggingar sem stefnandi hafði keypt vegna starfa stefnda í þágu stefnanda, borið að tilkynna meint tjón til váttryggingafélagsins eða -félaganna sem hlut áttu að máli. Það hafi ekki verið gert

fyrir en 29. október 2012. Með þeim seinagangi hafi skilanevnd og slitastjórn svipt stefnda vátryggingavernd, sem hann hafi átt, vegna starfa sinna í þágu stefnanda. Gerir stefndi kröfu á móti til skuldajafnaðar án sjálfstæðs dóms verði hann dæmdur til greiðslu skaðabóta.

Stefndi vísar til fundar fjármálanefndar 29. ágúst 2007, þar sem rætt hafi verið um heimildir verðbréfamíðlunar og aukningu þeirra fyrir miðlunarbók. Stefndi tekur fram að áhættureglur sem lagðar hafi verið fram af stefnanda í máli þessu, innihaldi áhættureglur stefnanda uppfærðar og útgefnar 1. mars 2009 með tilliti til samþykktar fjármálanefndar stefnanda (fjármálanefndar GLÍ sem er gamli Landsbanki Íslands hf.). Telur stefndi líklegt að skilanevnd stefnanda hafi unnið þessa uppfærslu. Við uppfærsluna hafi skilanevndin hins vegar gleymt að breyta texta efnisákvæðis greinar 21.4 í áhættureglunum, til samræmis við þær breytingar sem gerðar voru á undirgreinum hennar.

Um ábyrgð sína tekur stefndi fram að á hverju starfssviði stefnanda hafi starfað forstöðumenn, sem báru ábyrgð á einstökum deildum innan viðkomandi sviðs eða þvert á svið. Stefndi hafi verið forstöðumaður verðbréfamíðlunar verðbréfasviðs frá maí 2003 til október 2008 og heyrði undir meðstefnda, Yngva Örn. Til nýtingar heimilda hafi hann þurft samþykki Yngva, sbr. grein 21.4 í áhættureglunum. Varðandi miðlunarbók 2 þurfti skriflegt samþykki bankastjórnar ef fara átti fram úr fjárhæðarmörkum sem eftir 1. september 2007 voru 1.500 milljónir króna.

Eftirlit með daglegri starfsemi verðbréfasvið hafi verið á ábyrgð áhættustýringar stefnanda. Áhættustýringin hafi tilheyrt alþjóðasviði stefnanda, sbr. 16. gr. í áhættureglum stefnanda. Áhættustýringu stefnanda bar að gera daglegar skýrslur um starfssemi verðbréfasviðs, þar sem væri að finna samantekt á heimildarbrotum starfsmanna verðbréfasviðs og senda þær til bankastjóra, framkvæmdastjóra verðbréfasviðs, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs, forstöðumanns fjárfstýringar auk starfsmanna áhættustýringar. Þá áttu forstöðumenn deilda á verðbréfasviði stefnanda að fá sendar tilkynningar um heimildarbrot. Jafnframt hafi áhættustýring verðbréfasviðs verið til umfjöllunar á vikulegum fundum fjármálanefndar. Á engum þeirra funda sem haldnir voru í fjármálanefnd frá 7. nóvember 2007 til 6. október 2008 komu fram upplýsingar eða athugasemdir frá áhættustýringu um heimildarbrot á miðlunarbók 2 (verðbréfamíðlunarbók II).

Framangreindar skýrslur áhættustýringar hafi gengið undir heitinu 4-15 skýrslur. Stefndi hafi ekki lagt skýrslur þessar fram með stefnu. Það hafi meðstefndu hins vegar gert. Í skýrslum þessum komi fram að engin dæmi séu um heimildabrot varðandi miðlunarbók II á verðbréfasviði, eins og málssókn þessi byggir þó á.

Stefndi bendir á að samkvæmt stefnu séu þrenn viðskipti á miðlunarbók 2 með hluti í stefnanda sjálfum. Sé horft til þeirra skýrslna sem útbúnar voru um það leyti sem kaupin fóru fram sé ljóst að 7. nóvember 2007, þegar keyptir voru hlutir að nafnverði 15.930.807 hafi hlutfall eigin bréfa verið um 9,3%. Hlutfallið við önnur kaup þann 28. desember 2007 þegar keyptir voru 4.050.000 hlutir hafi verið 9,8%. Hlutfallið hafi hins vegar verið yfir viðmiðunarmörkum 25. júlí 2008 þegar keyptir voru 7.000.000 hluta af Guðmundi Víði Guðmundssyni. Öll hafi kaupin verið gerð fyrir aðila sem óskuðu eftir þeim. Að öðrum kosti hefði ekki verið farið

út í þau. Slíkt hafi verið með öllu óþekkt, nema verið væri að greiða fyrir einhverjum viðskiptum.

Stefndi telur með vísan til framangreinds sé ljóst að hann hafi hvorki af ásetningi né stórfelldu gáleysi brotið af sér í störfum sínum fyrir stefnanda. Hann hafi hagað allri starfsemi sinni í þágu stefnanda í samræmi við þær heimildir sem hann hafi haft á hverjum tíma frá yfirboðurum sínum, og hafi ekki fengið neinar athugasemdir um störf sín frá eftirlitsaðilum stefnanda. Hefði hann brotið gegn starfsskyldum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi verði að ætla að innri endurskoðun stefnanda hafi átt að leiða þau brot í ljós. Hafa verði það jafnframt hugfast að það hafi verið hlutverk innri endurskoðunar að hafa eftirlit með því að innri eftirlitsdeildir stefnanda, eins og áhættustýring og útlánaeftirlit, störfuðu eins og til var ætlast og tilkynna bankaráði og bankastjórn, ef svo var ekki. Innri endurskoðun heyrði beint undir bankaráð stefnanda.

Stefndi hafi hvorki fengið gögn né upplýsingar um það frá áhættustýringu stefnanda að hann hafi brotið gegn reglum sem giltu um starfsemi verðbréfasviðs. Þá hafi engar athugasemdir komið frá innri endurskoðun stefnanda um störf áhættustýringar um eftirlit með miðlunarbók II.

Stefndi reisir sýknukröfu sína einnig á því að krafa stefnanda sé fyrnd. Um bótarétt stefnanda fari samkvæmt ákvæðum XV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í 1. mgr. 134. gr. sé sérregla um skaðabótaábyrgð stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðenda, skoðunarmanna og mats- og rannsóknarmanna vegna tjóns, sem rekja má til þeirra í störfum sínum fyrir félagi, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi. Ákvæðið nefnir ekki forstöðumenn, en stefnandi telur að um bótaábyrgð stefnda fari eftir þessu ákvæði.

Stefndi vísar til 135. gr. þar sem fram kkomir að hluthafafundur sé einn bær um að ákveða málshöfðun til heimtu skaðabóta samkvæmt 1. mgr. 134. gr. og það hafi hluthafafundur ekki gert. Fjármálaeftirlitið hafi á grundvelli 5. gr. neyðarlaganna tekið yfir allt vald hluthafafunda stefnanda 7. október 2008, vikið stjórn hans frá og skipað fimm manna skilanefnd til að stjórna stefnanda. Samkvæmt 5. gr. neyðarlaganna hafi skilanefndin farið með allar heimildir stjórnar stefnanda samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga og öll málefni stefnanda að öðru leyti, m.a. umsjón með allri meðferð eigna hans og rekstrar. Þá hafi skilanefndinni borið að fara eftir og framkvæma allar þær ákvarðanir sem Fjármálaeftirlitið tók á grundvelli 5. gr. Fjármálaeftirlitið, sem handhafi alls hluthafavalds stefnanda, hafi ekki tekið ákvörðun um málshöfðun á hendur stefnda vegna þeirra krafna sem hafðar séu uppi í máli þessu. Með lögum nr. 44/2009 hafi vald skilanefndar stefnanda verið aukið og hún tekið bæði við réttindum og skyldum stjórnar og hluthafafunda sbr. 3. tl. II. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009.

Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni og sanni að skilanefnd stefnanda hafi tekið formlega ákvörðun samkvæmt 135. laga nr. 2/1995 um málshöfðun á hendur stefnda fyrir árslok 2010. Slitastjórnin hafi fengið fékk endanlegt forræði yfir stefnanda frá og með 1. janúar 2012. Hún hafi tekið við öllum verkum og valdheimildum skilanefndarinnar, sbr. a-lið 8. gr. laga nr. 78/2011. Lög þessi tóku gildi 21. júní 2011. Fyrst eftir 1. janúar 2012 hafi slitastjórnin verið bær til að taka ákvörðun um höfðun skaðabótamáls á hendur stefnda á grundvelli 135. gr. laga um hlutafélög. Stefndi hafi fyrst fengið upplýsingar um kröfu slitastjórnar með bréfi

30. ágúst 2012. Undirbúningur að höfðun máls þessa hafi því ekki verið í samræmi við 135. gr. sem leiði til þess að sýkna beri stefnda af skaðabótakröfu máls þessa.

Stefndi vísar einnig til b-liðar 1. mgr. 136. gr. laga um hlutafélög. Reikningsár stefnanda hafi verið almanaksárið og byrjaði fyrningartími skaðabótakröfu stefnanda því að líða varðandi hluta krafanna frá og með áramótum 2007/2008 og varðandi hluta krafanna frá og með áramótum 2008/2009. Skaðabótakröfur stefnanda hafi því allar verið fyrndar í árslok 2010, nema hluthafafundur stefnanda, Fjármálaeftirlit og síðar skilanefnd, tækju ákvörðun um málshöfðun á hendur stefnda og höfðað væri mál innan fyrningarfrestsins til að rjúfa fyrningu skaðabótakröfunnar. Stefna í máli þessu hafi verið birt 4. október 2012. Skaðabótakrafan hafi þá verið fyrnd.

Stefndi telur að 31. gr. laga nr. 68/2010, um breyting á lögum um hlutafélög, sem sé íþyngjandi réttarregla, sem lengi fyrningarfrestart skaðabótakrafna samkvæmt hlutafélagalögum og lögum um einkahlutafélög, geti ekki verið afturvirk frekar en íþyngjandi lög almennt. Þær sérstöku fyrningarreglur sem 136. gr. laga nr. 2/1995 og 110. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 geymdu, hafi verið í samræmi við reglur um fyrningu bótakrafna á hendur stjórnendum annarra félaga sem ætlað sé að stunda atvinnurekstur, sbr. m.a. skaðabóta- og refsíákvæði XIV. kafla laga nr. 22/1991 um samvinnufélög og ákvæði VII. kafla laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999. Þessar sérstöku fyrningarreglur félagaréttarins byggi á því að öll umgjörð einkahlutafélaga, hlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana sem stunda atvinnurekstur, þ.e. ákvarðanataka stjórnanna og stjórnenda, byggi á ströngum formreglum og lúti eftirliti hluthafa, félagsmanna eða eiganda og óháðra endurskoðenda og/eða skoðunarmanna. Allt miði þetta að því að tryggja að upplýsingar um ólögmæta og saknæma háttsemi í starfsemi þessara aðila eigi ekki að geta dulist lengi þeim sem hagsmuna hafi að gæta. Ómögulegt sé fyrir félögin/stofnanirnar og stjórnendur þeirra að óvissa um málshöfðun vofi yfir svo árum skipti.

Stefndi telur að breyting á fyrningarreglum skaðabótakrafna samkvæmt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög með lögum nr. 68/2010 hafi verið ólögmæt, þar sem hún feli í sér mismunum varðandi skaðabótaábyrgð stjórnenda félaga og stofnana sem stundi atvinnurekstur og fari því í bága við jafnréttisákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Skaðabætur hafi í för með sér eignatilfærslu frá tjónvaldi til tjónþola. Afturvirk breyting á reglum um fyrningu bótakrafna innan samninga skerði eignarréttindi annars samningsaðilans til hagsbóta fyrir hinn. Slík eignatilfærsla með afturvirkum réttarreglum sé andstæð eignarréttarákvæði 72. gr. og hinu almenna banni við afturvirkni laga, sem eigi sé m.a. annars stoð í 27. gr. stjórnarskrárinnar, sem mælir fyrir um að lög skuli birta svo að þau öðlist gildi.

Teljast krafan ekki fyrnd telur stefndi að hún sé fallin niður fyrir tómlæti. Stefnandi keypti stjórnendatryggingu fyrir milligöngu váttryggingamiðlarans Howden Insurance Brokers Ltd. Um ábyrgðartryggingu gildi lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Gildistími ábyrgðartryggingarinnar hafi verið frá 1. febrúar 2008 til og með 31. janúar 2009 að íslenskum tíma. Stefnandi hafi tilkynnti félaginu í skilningi váttryggingaréttar um kröfu sína á hendur stefnda með bréfi til Landslaga 29. október 2012. Þegar tilkynning hafi verið send hafi stefnandi vitað að félagið hafði hafnað allri ábyrgð samkvæmt skilmálum váttryggingarinnar 31. desember 2010. Stefnandi hafi ekki upplýst stefnda um þessa afstöðu félagsins.

Í bréfi Mayer-Brown komi fram að allir váttryggðu samkvæmt váttryggingunni missi rétt til bóta nema mál sé höfðað eða krafist meðferðar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingarmálum innan árs frá því er bréf barst sbr. 51. gr. laga 30/2004. Stefnandi hafi ekkert gert til að fá meint tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingunni á gildistíma hennar eða síðar. Af þessari vanrækslu leiði að stefnandi geti ekki haft uppi bótakröfu á hendur stefnda. Sé bótaréttur stefnanda úr hendi váttryggingafélaganna fallinn niður eigi stefndi kröfu á stefnanda um skaðleysi af öllum bótakröfum sem váttryggingin hefði bætt. Stefndi geti haft þá bótakröfu uppi í máli þessu til skuldajafnaðar án sjálfstæðs dóms.

Stefndi telur að starfsmaður verði ekki gerður skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hann veldur af gáleysi í starfi sínu og ábyrgðartrygging vinnuveitandans taki til sbr. 3. mgr. 19. gr. laga 50/1993 um skaðabætur. Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að stefndi sé bótaskyldur vegna gáleysis beri að sýkna hann vegna aðildarskorts. Stefndi geti ekki borið húsbóndaábyrgð á undirmönnum sínum á verðbréfasviði sem kunnir að hafa brotið reglur stefnanda, sem ekkert liggja fyrir um í máli þessu. Stefndi verði ekki ábyrgur fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar og ólögðmætrar háttsemi starfsmanna stefnanda sbr. m.a. 23. gr. laga nr. 50/1993.

Stefndi mótmælir fjárhæð bótakröfu og upphafstíma dráttarvaxtakröfu, sem sé ekki í samræmi við lög og krefst þess að dráttarvextir falli fyrst á kröfuna við dómsuppsögu verði hún á annað borð tekin til greina.

4. Helstu málsástæður og lagarök stefnda Sigurjóns Þorvaldar Árnasonar

Stefndi mótmælir málsástæðum stefnanda sem röngum, enda séu þær hvorki í samræmi við atvik málsins né gögn stefnanda. Gögnin sýni að staða miðlunarbókar 2 hafi verið innan heimilda og að eigin hlutabréf stefnanda hafi verið undir þeim mörkum sem mælt sé fyrir um í 29. gr. laga nr. 161/2002, nema þann 30. júlí 2008 þegar miðlarinn Guðmundur Víðir Guðmundsson hafi keypt hluti að nafnverði 7.000.000 króna fyrir 237.678.300 krónur. Gögn málsins beri ekki með sér að greindur Guðmundur eða aðrir á verðbréfasviði stefnanda hafi fengið samþykki fyrir þessum kaupum hjá bankastjórn stefnanda. Þá hafi slitastjórn ekki beint kröfum að Guðmundi eða grennslast fyrir um það hjá honum hvers vegna þessi hlutabréf hafi verið keypt.

Stefndi telur að vísa beri máli þessu sjálfkrafa frá dómi (ex officio) þar sem báðum bankastjórum hafi ekki verið stefnt. Stefnandi hafi litið fram hjá því að bankastjórnir fóru sameiginlega með daglega stjórnun allra málefna stefnanda fram til 8. október 2008. Annar þeirra verði ekki sérstaklega valinn til að bera ábyrgð á störfum bankastjórnarinnar. Skyldur þeirra hafi verið óskiptar.

Stefndi vísar til þess að í áhættureglum stefnanda sem lagðar hafi verið fram í málinu, komi fram að verðbréfamíðlun stefnanda hafi haft heimild til að víkja frá fjárhæðar- og tímamörkum greinar 21.4 í áhættureglunum að fengnu skriflegu samþykki bankastjórnar. Engin gögn hafi verið lögð fram um slíkt samþykki.

Stefndi telur að skilanefnd stefnanda hafi borið að hlutast til um málsókn á hendur stefnda innan tveggja ára frá lokum reikningsárs 2008, hafi nefndin talið að

bankastjórn stefnanda hafi brotið háttænisreglur á starfstíma sínum að því er varðar hin umdeildu hlutabréfakaup. Þá hafi skilanefndinni einnig borið, vegna ábyrgðartryggingar sem stefnandi hafði keypt í þágu stefnda, að tilkynna meint tjón félaganna. Það hafi ekki verið gert fyrir en 29. október 2012.

Stefndi bendir á fund þann sem var í fjármálanefnd þann 29. ágúst 2007. Á þeim tíma hafi heimildir verðbréfamiðlunar varðandi hvort tveggja miðlunarbók 1 og 2 verið umfram heimildir. Eftir umræður í fjármálanefnd hafi heimildir miðlunarbóka verið auknar eins og gögn málsins beri með sér, sbr. t.d. 4-15 skýrslur frá 5. nóvember 2007 til 30. september 2008, þar sem fram komi að heimildin hafi verið komin upp í 1500 mkr. fyrir miðlunarbók 2.

Samkvæmt 4-15 skýrslum sem spanni þann tíma sem atvik málsins taki til komi fram að engin dæmi séu um heimildarbrott varðandi miðlunarbók 2 á verðbréfasviði. Á meðan stefndi fái upplýsingar frá áhættustýringu stefnanda um að allt sé innan settra reglna á verðbréfasviði varðandi miðlunarbók 2, og á meðan innri endurskoðun, ytri endurskoðun og Fjármálaeftirlit geri engar athugasemdir, hafi stefndi orðið að treysta því að starfsemi hans væri í samræmi við lög og reglur.

Stefndi telur einnig að krafa stefnanda um bótaábyrgð sé fyrnd. Bótakrafa stefnanda sé reist á XV. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Í 134. gr. laganna sé sérregla um skaðabótaábyrgð stofnenda, stjórnarmanna, framkvæmdastjóra o.fl. Þegar atvik máls þessa urðu hafi verið í gildi 135. gr. og 136. gr., en síðarnefnda greinin hafi verið felld út gildi með lögum nr. 68/2010.

Stefndi vísar til 135. gr. laga nr. 2/1995, þar sem fram komi að hluthafafundur sé einn bær til að ákveða málshöfðun til heimtu skaðabóta samkvæmt 1. mgr. 134. gr. og það hafi hluthafafundur ekki gert. Fjármálaeftirlitið hafi á grundvelli 5. gr. neyðarlaganna tekið yfir allt vald hluthafafunda stefnanda 7. október 2008, vikið stjórn hans frá og skipað fimm manna skilanefnd til að stjórna stefnanda. Samkvæmt 5. gr. neyðarlaganna hafi skilanefndin farið með allar heimildir stjórnar stefnanda samkvæmt ákvæðum hlutafélaglaga og öll málefni stefnanda að öðru leyti, m.a. umsjón með allri meðferð eigna hans og rekstrar. Þá hafi skilanefndinni borið að fara eftir og framkvæma allar þær ákvarðanir sem Fjármálaeftirlitið tók á grundvelli 5. gr. Fjármálaeftirlitið, sem handhafi alls hluthafavalds stefnanda, tók ekki ákvörðun um málshöfðun á hendur stefnda vegna þeirra krafna sem hafðar eru uppi í máli þessu. Með lögum nr. 44/2009 hafi vald skilanefndar stefnanda verið aukið og tók hún bæði við réttindum og skyldum stjórnar og hluthafafunda sbr. 3. tl. II. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009.

Engin gögn hafi verið lögð fram sem sýni og sanni að skilanefnd stefnanda hafi tekið formlega ákvörðun samkvæmt 135. gr. laga nr. 2/1995 um málshöfðun á hendur stefnda fyrir árslok 2010. Slitastjórnin hafi fengið endanlegt forræði yfir stefnanda frá og með 1. janúar 2012. Hún hafi tekið við öllum verkum og valdheimildum skilanefndarinnar, sbr. a-lið 8. gr. laga nr. 78/2011. Lög þessi tóku gildi 21. júní 2011. Fyrst eftir 1. janúar 2012 hafi slitastjórnin verið bær til að taka ákvörðun um höfðun skaðabótamáls á hendur stefnda á grundvelli 135. gr. laga um hlutafélög. Stefndi hafi fyrst fengið upplýsingar um kröfu slitastjórnar með bréfi 30. ágúst 2012. Undirbúningur að höfðun máls þessa hafi því ekki verið í samræmi við 135. gr. sem leiði til þess að sýkna beri stefnda af skaðabótakröfu máls þessa.

Stefndi byggir sýknukröfu sína einnig á því að samkvæmt b-lið 1. mgr. 136. gr. laga nr. 2/1995, hafi fyrningartími skaðabótakrafna samkvæmt 1. mgr. 134. gr. sömu laga á hendur framkvæmdastjórum hlutafélaga verið tvö ár. Fyrningarfrestur þessi byrjaði að líða við lok þess reikningsárs þegar ákvörðun var samþykkt eða athöfn framkvæmd.

Reikningsár stefnanda hafi verið almanaksárið og byrjaði fyrningartími skaðabótakröfu stefnanda því að líða varðandi hluta krafna frá og með áramótum 2007/2008 og varðandi hluta krafna frá og með áramótum 2008/2009. Skaðabótakröfur stefnanda hafi því allar verið fyrndar í árslok 2010, nema hluthafafundur stefnanda, Fjármálaeftirlit og síðar skilanefnd, tæki ákvörðun um málshöfðun á hendur stefnda og höfðað væri mál innan fyrningarfrestsins til að rjúfa fyrningu skaðabótakröfunnar. Stefna í máli þessu hafi verið gefin út föstudaginn 5. október 2012. Skaðabótakrafan hafi þá verið fyrnd.

Stefndi telur það engu breyta þó að fyrningarfrestur skaðabótakrafna samkvæmt lögum um hlutafélög hafi verið færður til samræmis við fyrningarfrest skaðabótakrafna samkvæmt 9. gr. laga 150/2007 um fyrningu með afnámi 136. gr. hlutafélagalaga með lögum nr. 68/2010 um breytingu á lögum um hlutafélög, einkahlutafélög og ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.). Samkvæmt 31. gr. laga nr. 68/2010 átti breyting fyrningarreglunnar að taka til atvika og háttsemi sem átti sér stað fyrir gildistöku laganna jafnvel þótt málssóknarfrestur hafi verið liðinn er þau tóku gildi. Alþingi hafi samkvæmt þessu lítið svo á, að 136. gr. laga um hlutafélög væri formregla en ekki efnisregla. 136. gr. sé efnisregla og verði ekki lögð að jöfnu við formreglu 148. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., þar sem krafa um skaðabætur á hendur stjórnendum á grundvelli 134. gr. verður eftir fyrningu ekki höfð uppi með öðrum formerkjum líkt og hægt sé með bótakröfur af hálfu þrotabúa, þó að hlutlægur réttur til riftunar sé liðinn undir lok.

Stefndi telur að 31. gr. laga nr. 68/2010, er sé íþyngjandi réttarregla, sem lengi fyrningarfrest skaðabótakrafna samkvæmt hlutafélagalögum og lögum um einkahlutafélög, geti ekki verið afturvirk frekar en íþyngjandi lög almennt. Reglur um skaðabætur og refsingar séu af sama meiddi; lúti að réttarvörslunni í landinu, geymi viðbrögð við háttsemi sem talin sé óæskileg og sé ætlað að hafa almenn og sérstök varnaðaráhrif. Brot, hvort heldur gegn reglum refsí- eða skaðabótaréttar, fynnist samkvæmt þeim reglum sem giltu þegar hin saknæma háttsemi átti sér stað en ekki samkvæmt síðar tilkomnum reglum.

Skilanefnd stefnanda, sem hafi séð um daglega stjórnun stefnanda frá 7. október 2008, hafði tækifæri til þess allt frá 7. október 2008, að óska eftir því við Fjármálaeftirlitið, að ákvörðun yrði tekin um að gera stefnda ábyrgan fyrir tjóni því sem mál þetta snýst um. Það hafi hún ekki gert og ekki heldur tekið ákvörðun um málshöfðun á hendur stefnda eftir að hún fékk vald hluthafa. Aðgerðarleysi brotþola og/eða tjónþola geti ekki réttlætt lagabreytingar, eins og þá sem 31. gr. laga nr. 68/2010 geymir. Þá geti pólitískur vilji þingmanna til að breyta reglum um liðna atburði ekki orðið grundvöllur þess að íþyngjandi lagareglum verði beitt með afturvirkum hætti.

Réttarheimildir að baki lögum nr. 68/2010 geymi enga skýringu á nauðsyn þess að lengja fyrningartíma skaðabótakrafna í lögum um hlutafélög og

einkahlutafélög. Ákvæði um brottfallingu 136. gr. laga nr. 2/1995 hafi verið skotið inn í frumvarpið við umfjöllun þess í viðskiptanefnd 3. júní 2010.

Þessar sérstöku fyrningarreglur félagaréttarins byggja á því að öll umgjörð einkahlutafélaga, hlutafélaga, samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana sem stundi atvinnurekstur, þ.e. ákvörðunartaka stjórnna og stjórnenda, byggja á ströngum formreglum og lúti eftirliti hluthafa, félagsmanna eða eiganda, og óháðra endurskoðenda og/eða skoðunarmanna. Allt miði þetta að því að tryggja að upplýsingar um ólögmeta og saknæma háttsemi í starfsemi þessara aðila eigi ekki að geta dulist lengi þeim sem hagsmuna hafi að gæta. Ómögulegt sé fyrir félögin/stofnanirnar og stjórnendur þeirra að óvissa um málshöfðun vofi yfir svo árum skipti. Stefndi hafi þessa sömu hagsmuni og eigi rétt til þess að þeir séu virtir af handhöfum ríkisvalds.

Stefndi byggir á því að breyting á fyrningarreglum skaðabótakrafna samkvæmt lögum um hlutafélög og einkahlutafélög með lögum nr. 68/2010 hafi verið ólögmet, þar sem hún hafi falið í sér mismunum varðandi skaðabótaábyrgð stjórnenda félaga og stofnana sem stunda atvinnurekstur og fari því í bága við jafnréttisákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar. Skaðabætur hafi í för með sér eignatilfærslu frá tjónvaldi til tjónþola. Afturvirk breyting á reglum um fyrningu bótakrafna innan samninga skerðir eignaréttindi annars samningsaðilans til hagsbóta fyrir hinn. Slík eignatilfærsla með afturvirkum réttarreglum sé andstæð eignarréttarákvæði 72. gr. og hinu almenna banni við afturvirkni laga, sem eigi sér m.a. annars stoð í 27. gr. stjórnarskrárinnar, sem býður að lög skuli birta svo að þau öðlist gildi.

Komist dómurinn að þeirri niðurstöðu að fyrningartími kröfunnar sé fjögur ár þá sé hún engu að síður fyrnd, þar sem stefna máls þessa er sögð hafa verið birt á heimili stefnda klukkan 21:18 að kvöldi föstudagsins 5. október 2012 fyrir einhverjum Gunnari Birkissyni, sem er sagður hafa verið staddur þar. Stefndi kannast ekkert við Gunnar Birkisson. Gunnar Birkisson hafi ekki haft samband við stefnda eða reynt að koma stefnu máls þessa í hendur honum eða einhvers annars sem líklegur var til að geta komið stefnunni í hendur stefnda, eins og Gunnari Birkissyni bar þó að gera sbr. 3. mgr. 86. gr. laga 91/1991.

Þegar *stefnubirting* eigi að hafa farið fram hafi stefndi verið staddur í Boston ásamt sambyliskonu sinni og enginn verið á heimili þeirra í Reykjavík. Af öryggismyndavél fyrir utan heimilið að dæma hafi enginn komið að húsinu á tilgreindum tíma.

Stefnubirting sem fari á svig við reglur laga um meðferð einkamála geti ekki rofið fyrningarfrest. Beri því að sýkna stefnda af skaðabótakröfu stefnanda.

Verði ekki fallist á að krafan sé fyrnd sé hún fallin niður vegna tómlætis. Stefndandi hafi fyrst haft kröfu þessa uppi á hendur stefnda í stefnu útgefinni 5. október 2012, rétt um þremur sólarhringum áður en krafan hafi verið fyrnd, ef um hana giltu almennar fyrningarreglur. Þær gildi hins vegar ekki.

Þá telur stefndi að vegna vanrækslu stefnanda um að upplýsa stefnda um gildistíma ábyrgðartryggingar sem stefndandi hafði keypti fyrir stefnda eigi stefndi kröfu á hendur stefnanda um að hann haldi honum skaðlausum af öllum

bótakröfum sem váttryggingin hefði bætt.

Stefndi telur með vísan til 3. mgr. 19. gr. laga nr. 50/1993 um skaðabætur að starfsmaður verði ekki gerður skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hann veldur af gáleysi í starfi sínu og ábyrgðartrygging vinnuveitanda hans tekur til. Ekki hafi verið sýnt fram á að stefndi hafi valdið stefnanda tjóni af ásetningi eða með stórfelldu gáleysi. Þá beri stefndi ekki húsbóndaábyrgð á undirmönnum sínum, sem kunni að hafa brotið reglur stefnanda, sbr. m.a. 23. gr. sömu laga.

Stefndi mótmælir fjárhæð bótakröfu sem ósannaðri. Auk þess sem hann mótmælir upphafstíma dráttarvaxta og krefst þess að dráttarvextir falli fyrst á kröfuna við dómsuppsögu verði hún á annað borð tekin til greina.

Stefndi telur að kaup verðbréfasviðs stefnanda á þeim hlutabréfum sem mál þetta snúist um hafi verið innan þeirra marka sem sviðið hafði. Verðhrun þeirra löngu eftir að þau hafi verið keypt geti ekki leitt til bótaskyldu stefnda. Stefndi hafi verið eins og hver annar hlutabréfakaupandi og verði að bera áhættu af þeim hlutabréfum sem hann keypti eftir að kaupin hafa átt sér stað. Hafi verðbréfasvið stefnanda verið að kaupa hlutabréf fyrir þriðja aðila sem ekki hafi verið tilbúinn að efna samning þegar á reyndi hafi verðbréfasviði borið að leita aðstoðar lögfræðisviðs til að knýja fram efnidir eða heimtu skaðabóta reyndist nauðsynlegt að selja þau við lægra verði en þau höfðu verið keypt á. Í þessu sambandi verði að hafa hugfast að inni á miðlunarbók 2 áttu aldrei að vera nein hlutabréf, nema þau ein sem keypt höfðu verið fyrir ákveðinn viðskiptavin, verðbréfasvið. Úrvinnsla slíkra mála hafi ávallt fyrst í stað verið á sviði verðbréfasviðs og áhættustýringar. Næðu þessi svið ekki árangri varð að fá lögfræðisvið stefnanda að málinu til að tryggja hagsmuni stefnanda.

Stefndi telur að vera megi að hlutir í stefnanda sjálfum hafi orðið verðlitlir eða verðlausir 7. október 2008. Ekkert liggi fyrir um það að hlutir í Eimskipi hf. og Straumi-Burðarási fjárfestingarbanka hf. hafði orðið verðlausir 7. október 2008. Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hf. hafi haldið áfram bankastarfsemi sinni til 9. mars 2009 og hafi viðskipti með hlutabréf félagsins verið allt til þess tíma. Eimskipafélagið hf. hafi starfað allt til júlí 2009 í óbreyttri mynd.

IV.

Niðurstöður

1.

Samkvæmt 135. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, er hluthafafundur einn bær um að ákveða málshöfðun til heimtu skaðabóta samkvæmt 1. mgr. 134. gr. laganna. Fjármálaeftirlitið tók á grundvelli 5. gr. neyðarlaganna yfir allt vald hluthafafundar stefnanda þann 7. október 2008, vék stjórn hans frá og skipaði fimm manna

skilanefnd til að stjórna stefnanda. Frá og með 1. janúar 2012, hefur stefnandi verið undir slitastjórn, sbr. a-lið 8. gr. laga nr. 78/2011, um breyting á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum.

2.

Mál þetta snýst um kröfu stefnanda til greiðslu skaðabóta vegna tjóns sem stefnandi telur sig hafa orðið fyrir vegna kaupa bankans á hlutabréfum í Landsbanka Íslands, Hf. Eimskipafélagi Íslands (Eimskip) og Straumi-Burðarási fjárfestingarbanka hf. (Straumur) á tímabilinu frá 7. nóvember 2007 til og með 25. júlí 2008 inn á reikning í bankanum sem nefndur var miðlunarbók hlutabréfa II. Nánar tiltekið er krafist bóta vegna fimm tilgreindra viðskipta. Heildarstaða þessara viðskipta á miðlunarbók hlutabréfa II nam alls 1.208.244.352 krónur þann 7. október 2008, þegar Fjármálaeftirlitið tók yfir starfsemi Landsbanka Íslands samkvæmt framansögðu.

3.

Kröfur stefnanda eru reistar á því að stefndu, Yngvi Örn Kristinsson, Steinþór Gunnarsson og Sigurjón Þorvaldur Árnason hafi með sagnæmum og ólögðum hætti valdið stefnanda tjóni vegna framangreindra viðskipta með hlutabréf sem færð voru í miðlunarbók hlutabréfa II. Sök stefnda Steinþórs felist einkum í því að hann hafi af ásetningi eða stórfelldu gáleysi keypt inn á miðlunarbók hlutabréfa II og/eða gefið fyrirmæli um kaup á hlutabréfunum án þess að uppfyllt væru skilyrði þeirra heimilda sem hann hafði til kaupanna samkvæmt áhættureglum bankans. Jafnframt er hann sakaður um kaup á eigin hlutum í bankanum þótt hann hafi haft upplýsingar um að bankinn ætti þegar hluti yfir þeim 10% mörkum sem reglur mæltu fyrir um. Loks fyrir að hlutast ekki til um að hlutabréfin yrðu seld þótt bankinn hafi haldið á þeim í meira en einn mánuð. Sök Yngva Arnars og Sigurjóns Þorvaldar er reist á svipuðum grunni.

4.

Steinþór Gunnarsson gegndi starfi forstöðumanns verðbréfamiðlunar bankans á umræddu tímabili 7. nóvember 2007 til 7. október 2008. Samkvæmt ráðningarsamningi hans bar hann ábyrgð á daglegum rekstri sviðsins, framþróun þess og uppbyggingu. Auk þess var gert ráð fyrir að hann sinnti stjórnunarstörfum sem yfirmaður og öðrum þeim störfum sem honum kynnu að verða falin af bankastjórn hverju sinni.

Yfirmaður Steinþórs var framkvæmdastjóri verðbréfasviðs, Yngvi Örn Kristinsson. Hann var einn af nokkrum framkvæmdastjórum bankans. Hann var yfirmaður síns sviðs og bar samkvæmt gögnum málsins ábyrgð á daglegum rekstri, þróun og uppbyggingu þess. Hann taldist einn af lykilstarfsmönnum bankans næst á eftir bankastjórum.

Sigurjón Þorvaldur Árnason og Halldór J. Kristjánsson fóru sameiginlega með bankastjórn Landsbankans hf. og þar með stjórnun allra málefna hans. Ákveðin verkaskipting var milli bankastjóranna og fór Sigurjón fyrir fyrirtækjasviði, verðbréfasviði og stöðsviðum.

5.

Sérstakar áhættureglur voru í gildi innan bankans sem settar voru með hliðsjón af samþykkt bankaráðs. Allar breytingar á þeim voru samþykktar af fjármálanefnd eða bankastjórn. Ef breytingarnar voru stórvægilegar skyldu þær kynntar bankaráði. Áhættureglunar eru óundirritaðar og hafa sætt tíðum breytingum á undanfönum árum. Þessum reglum hefur ekki verið mótmælt efnislega sem röngum í máli þessu svo langt sem þær ná nema að því er varðar hinar umdeildu heimildir í tengslum við miðlunarbók hlutabréfa II. Reglunum var m.a. ætlað að setja fram á skipulegan hátt þau skilgreindu áhættumörk sem Landsbankinn leyfir sér að taka fyrir stöður í eigin reikning og miðlun áhættu til viðskiptavina sinna. Markmiðið var að tryggja að til væru heimildir um leyfilega áhættutöku. Fram kemur m.a. að framkvæmdastjóri verðbréfasviðs hafi borið ábyrgð á og stýrt markaðsáhættu móðurfélags Landsbankans og að dagleg stjórn á markaðsáhættu móðurfélags hafi verið á ábyrgð forstöðumanns verðbréfamiðlunar, sbr. 2. mgr. 9. gr. reglnanna.

Í reglunum er mælt fyrir um áhættutakmarkanir verðbréfasviðs. Þar kemur m.a. fram að verðbréfamiðlun bankans fái allt að 900 mkr. heimild í miðlunarbók hlutabréfa II til að safna hlutabréfum fyrir viðskiptavinum með samþykki forstöðumanns og framkvæmdastjóra verðbréfasviðs. Heimildin miðast við að hvert verkefni taki ekki lengri tíma en einn mánuð í senn og að ekki sé um hærrí fjárhæð að ræða en 300 mkr. fyrir hvern viðskiptamann. Á öðrum stað í reglunum (grein 21.4.6) segir að heimildir verðbréfamiðlunar til stöðutöku séu bundnar við að fyrir liggi samningur um endanleg kaup viðskiptamanns á því sem tekin er staða í. Heimildin sé því ætluð til söfnunar á bréfum fyrir viðskiptavinum yfir lengra tímabil og sé miðað við að viðskiptavinur hafi keypt bréfin innan eins mánaðar. Þá kemur þarna fram að „brúttóstaða“ heimildar sé „1500 mkr.“.

Í reglunum er mælt fyrir um sérstakan eftirlitshóp, svonefnda áhættustýringu, sem heldur utan um stöður deilda á verðbréfasviði og ber saman stöður við þær heimildir sem ákveðnar hafa verið í stefnumörkun og settar fram í áhættureglunum. Í daglegum skýrslum áhættustýringar, svonefndum 4-15 skýrslum, eru tekin saman hugsanleg brot á heimildum, þar á meðal þeirri heimild sem tengd var við miðlunarbók hlutabréfa II. Skýrslur þessar, þar með taldar upplýsingar um heimildarbrot, bárust áskrifendum þeirra skýrslna en þeir voru bankastjórar, framkvæmdastjóri verðbréfasviðs, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, forstöðumaður fjárstýringar auk starfsmanna áhættustýringar.

Í skýrslu áhættustýringar, dags. 27. ágúst 2007 (4-15 skýrslum), kemur m.a. fram að heimild miðlunarbókar hlutabréfa II hafi verið 900 mkr. og að beðið sé ákvörðunar fjármálanefndar en sú nefnd var skipuð yfirmönnum bankans. Í skýrslu frá 4. september 2007 kemur fram að heimildin sé komin upp 1.500 mkr. Segir einnig í skýrslunni að heimildir hafi verið brotnar. Í skýrslum fyrir tímabilið frá 5.

nóvember 2007 til 30. september 2008 kemur sömuleiðis fram að heimild miðlunarbókar hlutabréfa II sé 1.500 mkr. Í þessum skýrslum er ekki tilgreint um nein brot.

6.

Meginreglan um bótaábyrgð ýmissa trúnaðarmanna hlutafélaga kemur fram í 1. mgr. 134. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995. Samkvæmt ákvæðinu er lagt til grundvallar að gerist þeir sekir um mistök eða vanrækslu í starfi sínu sem leiðir til fjártjóns fyrir félagið eða aðra skuli þeir bæta tjónþola tapið. Þessir trúnaðarmenn verða að gæta hagsmuna félagsins eftir bestu samvisku samkvæmt þeim starfsskyldum sem á þeim hvíla. Víki háttsemi þeirra frá því getur komið til skaðabótaábyrgðar. Við mat á brotum á starfsskyldum viðkomandi skiptir máli hvort lög eða samþykktir féлага hafi verið brotin eða aðrar skráðar reglur sem í gildi voru innan bankans. Fyrrgreindir trúnaðarmenn hlutafélags bera ekki ábyrgð nema fyrir liggi sá sérstaki bótagrundvöllur gagnvart hverjum og einum sem getið er um í ákvæðinu, þ.e. að viðkomandi hafi sjálfur valdið tjóni af ásetningi eða gáleysi.

Fram er komið að einn hinna stefndu var bankastjóri á þeim tíma sem hér skiptir máli, annar var framkvæmdastjóri bankans varðandi verðbréfasvið og sá þriðji forstöðumaður verðbréfamiðlunar bankans. Telja verður að sömu eða svipuð sjónarmið gildi um bótaábyrgð þeirra Yngva Arnar og Sigurjóns Þorvaldar, samkvæmt 134. gr. laga nr. 2/1995, að því er varðar mál þetta en nánari útfærsla þeirra sjónarmiða fer þó eftir því valdsviði sem þeir raunverulega höfðu innan bankans. Almenna skaðabótareglan gildir hins vegar um Steinþór, en þar koma þó svipuð sjónarmið til álita.

7.

Hér að framan hefur því kerfi verið lýst sem gildi um áhættutakmörkun innan bankans varðandi miðlunarbók hlutabréfa II og þeirri hámarksfjárhæð sem hún var miðuð við. Samkvæmt því sem fram kemur í skýrslum áhættustýringar var heimild komin upp í 1500 mkr. á þeim tíma sem hin umdeildu viðskipti fóru fram og ekki tilgreint um nein brot á reglum. Þessar skýrslur voru samkvæmt gögnum málsins kynntar helstu fyrirvarsmönnum bankans og þær koma auk þess fram í þeim áhættureglum sem lagðar hafa verið fram í málinu.

Stefnandi hefur hvorki andmælt þessum skýrslum né fært fram viðhlítandi rök fyrir því að þær hafi ekki tekið mið af gildandi áhættureglum bankans. Hann hefur heldur ekki sýnt fram á eða tilgreint önnur brot í starfi stefndu í tengslum við fyrrgreinda áhættutakmörkun sem valdið geti bótaábyrgð stefndu. Skaðabótaábyrgð stefndu á þessum grundvelli kemur því ekki frekar til álita.

8.

Í verklagsreglum Landsbanka Íslands um eign bankans í sjálfum sér sagði m.a. að starfsmaður í áhættustýringu myndi daglega útvega stöður sem endurspegluðu eign bankans í eigin hlutabréfum hjá eigin fjárfestingum, verðbréfamiðlun, í framvirkum samningum og vörn fyrir valréttum. Síðan var vikulega tekin saman skýrsla sem sýndi heildareign bankans í sjálfum sér og hún send eða gerð aðgengileg ýmsum trúnaðarmönnum bankans. Í yfirlitum um eign Landsbanka Íslands hf. í sjálfum sér kemur m.a. fram að heildareign á miðlunarbók hlutabréfa II sé yfir 10% mörkunum frá janúarbyrjun 2008 og hafi síðan farið hækkandi og sé alls 14,54% 29. júlí 2008.

9.

Í lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 er í 29. gr. að finna ákvæði sem taka til eignarhluta fjármálafyrirtækja og dótturfélaga þeirra. Um þau gildir að samanlagður eignarhluti þeirra má ekki nema hærri fjárhæð af nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár. Eignist viðkomandi meira af hlutafénu vegna lúkningar viðskipta samkvæmt 22. gr. (þ.e. vegna tímabundinnar starfsemi og yfirtöku eigna) beri að tilkynna slíkt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Að öðru leyti gilda reglur hlutafélagalaga um eigin hluti, sbr. VIII. kafli þeirra laga.

Meginreglan um þetta kemur fram í 1. mgr. 55. gr. hlutafélagalaga. Þar segir að hlutafélag megi ekki gegn endurgjaldi eignast eigin hluti með kaupum, eða fá þá að veði, ef nafnverð samanlagðra hluta, sem félagið og dótturfélög þess eiga í félaginu, er meira eða mun verða meira en 10% af hlutafénu. Hér verður gengið út frá því að bankinn hafi á sínum tíma fullnægt ákvæðum laga til öflunar eigin hluta innan 10% markanna.

Það fyrirkomulag ríkti innan bankans varðandi umdeild viðskipti að bankinn hafði heimild til að kaupa eigin hluti fyrir reikning viðskiptamanns að tilteknu marki og innan tiltekins tíma og að öðru leyti innan ramma laganna. Bar samkvæmt áhættureglunum að gera samninga um þetta við viðkomandi viðskiptamann og í framkvæmd voru munnleg samtöl látin nægja. Hvað sem öðru líður verður að líta svo á að um kaup bankans á eigin hlutum hafi verið að ræða þar til viðkomandi viðskiptamaður leysti hlutina til sín. Fyrir liggur að bankinn fór yfir fyrrgreind 10% mörk að þessu leyti frá byrjun janúar 2008.

Ekki hefur verið sýnt fram á eða gert líklegt að stefndu hafi mátt sjá það fyrir að viðskiptin 7. nóvember og 28. desember 2007 gætu leitt til þess að kaup eigin hluta færu yfir 10% mörkin. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki talið að bótaskylda vegna þessara viðskipta hafi geta stofnast á hendur stefndu.

Þessi sjónarmið eiga þó ekki við varðandi kaup á hlutabréfum í bankanum 25. júlí 2008. Í janúarbyrjun 2008 var heildareign eigin bréfa auk handveða á miðlunarbók hlutabréfa II þegar orðin yfir 10% og fór stöðugt hækkandi eftir það. Bar stefndu Sigurjóni Þorvaldi og Yngva Erni, sem báðir höfðu sérstökum skyldum að gegna á umræddum vettvangi, að gæta þess sérstaklega að ekki væri farið yfir þau mörk eða þau hækkuð, enda ljóst að kaup á eigin hlutum fyrir umtalsverðar fjárhæðir geta verið til þess fallin að skapa sérstaka áhættu. Umrædd viðskipti með

eigin bréf voru ekki heimil samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Hafa verður þó í huga að hafi hlutafélag eignast hluti andstætt ákvæðum 55.-58. gr. hlutafélagalaga skal það láta þá af hendi svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en sex mánuðum eftir að það eignaðist þá, sbr. nánar 60. gr. sömu laga. Bréfin voru ekki seld þannig að 10% viðmiðunarmörkum væri náð og við hrun bankans urðu þau verðlaus. Af þessum sökum bera stefndu Sigurjón Þorvaldur og Yngvi Örn skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð vegna viðskipta bankans með hlutabréf þann 25. júlí 2008 og ber að telja að tjón stefnanda hafi numið fyrrgreindri fjárhæð viðskiptanna, þ.e. 237.678.000 kr. Ekki verður talið að ákvæði 23. gr. skaðabótalaga sem mæla fyrir um bótaábyrgð starfsmanns gagnvart vinnuveitanda eigi við um stefndu Sigurjón Þorvald og Yngva Örn.

Að því er varðar stefnda Steinþór ber þess að geta að hann sat ekki í framkvæmdastjórn bankans og ber hann því ekki skyldur gagnvart félaginu sem af því leiða. Þykir ekki nægjanlega hafa verið sýnt fram á í hverju sök hans var fólgin þannig að hann beri skaðabótaábyrgð vegna umræddra viðskipta þann 25. júlí 2008.

Eins og áður segir gildir ákvæði 55. gr. laga nr. 2/1995 um kaup hlutafélags á eigin hlutum. Ábyrgð stefndu samkvæmt þessu ákvæði nær því ekki til viðskipta með hlutabréf í Straumi þann 14. janúar 2008 og Eimskipi þann 25. janúar 2008. Eru stefndu því sýknaðir af kröfum stefnanda vegna kaupa bankans á hlutabréfum í Straumi og Eimskipi í janúarmánuði 2008.

10.

Samkvæmt b-lið 136. gr. hlutafélagalaga sem gildi á þeim tíma sem hér um ræðir var fyrningartími skaðabótakrafna tvö ár frá lokum reikningsárs þar sem ákvörðunin eða athöfnin, sem málið byggist á, var samþykkt eða gerð. Reikningsár bankans er almanaksárið. Með lögum nr. 68/2010, um breyting á lögum um hlutafélög og einkahlutafélög og lögum um ársreikninga sem öðlaðist gildi þann 22. júní 2010, varð breyting á fyrrgreindu ákvæði og var innleiddur fjögurra ára fyrningarfrestur miðað við sama upphafstíma. Samkvæmt því lauk fyrningartíma vegna kaupa bankans á hlutabréfum á árinu 2008, í árslok 2012, en mál þetta er höfðað 4. október 2012. Lög þessi, sem voru í eðli sínu almenn, voru sett áður en fyrningarfrestur rann út vegna skaðabótakröfu stefnanda vegna viðskipta bankans með hlutabréf þann 25. júlí 2008. Voru því aðstæður þannig að skuldarar urðu að sætta sig við breytt tímabil. Þykja hvorki eignarréttarákvæði stjórnarskrár, jafnréttisákvæði hennar né sjónarmið um afturvirkni laga vera þessari niðurstöðu til fyrirstöðu. Er bótakrafa stefnanda vegna kaupa bankans á eigin bréfum þann 25. júlí 2008, því ófyrnd. Í þessu ljósi verður heldur ekki fallist á það með stefndu að krafa stefnanda sé fallin niður fyrir tómlæti.

Enn fremur eru málsástæður stefnda Sigurjóns Þorvaldar um rof fyrningar í tengslum við stefnubirtingu órökstuddar.

Stefndu Sigurjón Þorvaldur og Yngvi Örn telja að stefnandi hafi vanrækt skyldur sem á honum hvíldu gagnvart tryggingarfélaginu Howen Insurance Brokers Ltd., sem hafi leitt til þess að váttryggingavernd þeirra hafi fallið niður. Stefnandi hafi með því fyrirgert rétti sínum til að hafa uppi bótakröfur á hendur þeim. Leiði þetta til þess að þeir eigi kröfu á hendur stefnanda um að halda þeim skaðlausum af öllum bótakröfum sem váttryggingin hefði bætt.

Dómurinn telur að umræddar varnarástæður séu óljósar og vanreifaðar varðandi réttindi og skyldur stefnanda samkvæmt umræddum váttryggingasamningi og þann rétt sem stefndu telja sér til handa samkvæmt honum. Af þeim ástæðum koma þær ekki til frekari skoðunar í máli þessu.

12.

Samkvæmt framansögðu er stefndi Steinþór Gunnarsson, sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Stefndu, Yngva Erni Kristinssyni og Sigurjóni Þorvaldi Árnasyni ber að greiða stefnanda, slitastjórn Landsbanka Íslands hf. 237.678.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. nóvember 2008 til þingfestingardags 18. október 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefnda, Steinþóri Gunnarssyni, 700.000 krónur málskostnað.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, þykir rétt að stefndu Yngvi Örn Kristinsson og Sigurjón Þorvaldur Árnason og stefnandi slitastjórn Landsbanka Íslands hf. beri hver sinn kostnað af málinu.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Steinþór Gunnarsson, er sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Stefnu, Yngva Erni Kristinssyni og Sigurjóni Þorvaldi Árnasyni, ber að greiða stefnanda, slitastjórn Landsbanka Íslands hf., 237.678.000 krónur auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 7. nóvember 2008 til þingfestingardags 18. október 2012, en með dráttarvöxtum samkvæmt 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnanda ber að greiða stefnda, Steinþóri Gunnarssyni, 700.000 krónur í málskostnað.

Málskostnaður á milli stefnanda og stefndu, Yngva Arnar Kristinssonar og Sigurjóns Þorvaldar Árnasonar, fellur niður.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)